



AÐALSKIPULAG GRINDAVÍKUR 2018-2032

Aðalskipulagsbreytingar - **Tillaga**

- Nýtt hreinsivirki og frárennsli í Grindavík
- Göngu- og reiðhjólástígar í Grindavík
- Stækkun golfvallar / efnislosunarsvæði í Grindavík



13.10.2021



Grindavíkurbær**Aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Grindavíkurbæjar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	7
2	FORSENDUR OG FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR	8
2.1	Hreinsivirki og frárennislögn	8
2.2	Göngu- og reiðhjólástígar	8
2.3	Golfvöllurinn í Grindavík	9
2.4	Fyrirliggjandi stefna	9
2.4.1	Landsskipulagsstefna	9
2.4.2	Aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032	10
2.4.3	Deiliskipulag	11
2.4.4	Minjar	11
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	13
3.1	Hreinsivirki og frárennislögn	13
3.2	Göngu- og reiðhjólástígar	14
3.3	Golfvöllurinn í Grindavík	14
4	UMHVERFISSKÝRSLA	15
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	15
4.2	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið	16
4.3	Valkostir og samanburður	17
4.3.1	Hreinsivirkis og frárennislagnir	17
4.3.2	Göngu- og reiðhjólástígar	18
4.3.3	Golfvöllur	19
5	MÁLSMÆÐFERÐ OG UMSAGNIR	20
5.1	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	20
5.2	Skipulagsferli	20

HÖFUNDUR

RÝNI

EFLA - VERKNR.

AB/MMR

ÁJ/IS/EDP

2476-055-05

1 INNGANGUR

Grindavíkurbær leggur fram breytingu á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gerð er breyting á þremum stöðum í aðalskipulagi Grindavíkur:

- Gert er ráð fyrir hreinsivirki fyrir skólp frá hafnarsvæðinu í Grindavík og frárennislögn til suðurs á Hópsnes og út í sjó.
- Bætt er við göngu- og reiðhjólástígum frá íbúðarsvæðum vestast í Grindavík. Tengjast þeir núverandi leiðum meðfram Nesvegi.
- Gerð er ráð fyrir stækkun golfvallar Grindavíkur við Húsatóftir (ÍP2).



MYND 1 Svæði sem taka breytingum eru afmörkuð gróflega (map.is).

Hreinsivirki og frárennislögn

Markmiðið með breytingunni er að allt skólp frá þéttbýlinu verði hreinsað áður en því er dælt út í sjó um fárveitulögn. Hreinsivirkið verður á skilgreindu hafnarsvæði og lögn verður að mestu meðfram núverandi stígum. Samhliða verður núverandi dælustöð lögð af. Með því er verið að uppfylla skilyrði laga og reglugerða samhliða því að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu frá Grindavík.

Göngu- og reiðhjólástígar

Breyting á stígakerfi Grindavíkur þar sem gert er ráð fyrir göngu- og reiðhjólástígum meðfram Nesvegi, munu þeir tengjast íbúðarsvæðum. Nýju stígarnir verða breiðir og byggðir þannig upp að þeir nýtist sem mögulegar akfærar flóttaleiðir frá Grindavík, t.d. ef kemur til náttúruhamfara sem ógna íbúum og byggð. Stígarnir munu almennt bæta útivistarmöguleika íbúa samhliða því að virka sem mögulegar flóttaleiðir.

Golfvöllurinn í Grindavík

Gert er ráð fyrir stækkun golfvallarins að til austurs að Húsatóftum. Við landmótun golfvallarins verður notað efni sem fellur til við gatnagerð, lóðaframkvæmdir o.fl. innan þéttbýlisins, samtals áætlað um 20.000 m³. Með stækkun golfvallarins er aðstaða fyrir golfíþróttina bætt en mögulegt er að nota svæðið undir bílastæði og/eða undir aðstöðuhús. Þá verður skoðað, í samráði við lóðarhafa með aukna fjölbreytni á svæðinu s.s. varðandi „range“ æfingarsvæði eða aðra starfsemi.

Skipulagsgögn


Skipulagsgögn eru greinargerð þessi og uppdráttur dags. 13. október 2021 sem sýnir breytingar á þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti.

2 FORSENDUR OG FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR

Grindavíkurbær, líkt og Reykjanesið allt, er á hrauni sem telst til nútímahrauna sem njóta verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en þau eru að stórum hluta gróin í nágrenni bæjarins, en þó má sjá víða í mosavaxin hraun bæði innan þéttbýlis og á Hópsnesi. Eðli máls samkvæmt eru allar þessar framkvæmdir á slíkum hraunum.

Suðaustlægar áttir eru algengastar í Grindavík, sbr. vindakort Veðurstofu Íslands (vindatlas/vedur.is).

Vistgerðir á svæðinu eru helstar Mosahraunavist (L6.3) og Lynghraunavist (L6.4) sem báðar eru með miðlungs verndargildi, skv. vistgerðarkortum NÍ.



MYND 2 Sýnir reiknaðar vindrósir við Grindavík

2.1 Hreinsivirki og frárennislögn

Í dag fer skólp frá Grindavík óhreinsað út í viðtaka í þremur útrásum.

Hreinsivirkið verður byggt sunnan til á hafnarsvæðinu, sem er þegar raskað og notað sem geymslusvæði. Frárennislögnin liggur til suðurs frá hafnarsvæðinu gegnum iðnaðarsvæðið I3 og til suðurs um Hópsnes. Fráveitulögnin verður lögð meðfram núverandi vegi út á Hópsnesið áður en hún sveigir út í sjó. Þar sem lögn verður sveigð niður að sjó verður borað/grafið fyrir lögninni til að forðast sem mest að raska hrauni.

Lögnin verður allt að 1350 m löng áður en hún gengur út í sjó en ætla má að hún verði lögð um 300 m út í sjó.

2.2 Göngu- og reiðhjólástígar

Nú þegar liggur göngu- og hjólreiðastígur meðfram Nesvegi að þéttbýlinu en gert er ráð fyrir að hann liggji með Nesvegi allt inn að Grindavíkurvegi og muni tengjast inn í byggðina við Ásabraut og

Efstahraun. Svæðið þar sem fyrirhuguð er uppbygging göngu- og reiðhjólástíga er þegar raskað að nokkru leyti vegna byggðar og Nesvegar. Svæðið fellur undir sérstaka vernd náttúruyfyrirbæra vegna forsögulegs hrauns sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Stígurinn verður hannaður með það í huga að hann sé ökufær en alla jafna lokaður fyrir vélknúna umferð.

2.3 Golfvöllurinn í Grindavík

Golfvöllur Grindavíkur er staðsettur vestan Grindavíkur með aðkomu frá Nesvegi nr. 425. Golfvöllurinn er beggja vegna vegarins á sprungusvæði og forsögulegu hrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Flutt verður allt að 20.000 m³ af efni á svæðið frá þéttbýlinu í Grindavík. Það verður jafnað út og notað til landmótunar fyrir notkun sem tengist starfsemi golfvallarins.

Ekki eru þekktar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þekktar fornleifar eru skammt undan sem njóta hverfisverndar. Ekki er gerð breyting á afmörkun hverfisverndar.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

2.4 Fyrirliggjandi stefna

2.4.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Í gildandi landsskipulagsstefnu kemur fram eftirfarandi markmið um skipulag:

Kafli 2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu.

Kafli 2.8.1 Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum.

Kafli 3.3.2 Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmu umhverfi með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun hljóðvist og loftgæði.

Breytingar á aðalskipulagi verða í samræmi við Landsskipulagsstefnu þar sem verið er að auka útivistarmöguleika og efla íþróttasvæði. Verið er að bæta flóttaleiðir ef náttúruvá steðjar að Grindavík. Með hreinsun skólps er verið að draga verulega úr mengunarhættu í fjöru og sjó í nágrenni þéttbýlisins.

2.4.2 Aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032

Aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032 var samþykkt í desember 2020.

Hreinsivirki og frárennislögn

Svæðið þar sem fyrirhuguð hreinsistöð verður á er skilgreint sem hafnarsvæði í aðalskipulagi. Í kafla 2.3.2 Hafnir er umfjöllun um svæði H2. Sá kafli mun breytast, sbr. kafla 3.1

Á svæðum fyrir hafnir og hafnarmannvirki er gert ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta og afleidda landnýtingu.

Hópsnesið er hverfisverndað, sbr. kafla 2.5.3.

„Hverfisvernd er ákvörðuð af bæjarstjórn og er um að ræða verndun svæða vegna sérstakra náttúru- og menningarminja eða vegna umhverfis- og útivistargildis, án þess þó að um lögformlega friðun sé að ræða. Bæjarstjórn ákvarðar verndarskilmála og getur heimilað þar vissa starfsemi eða framkvæmdir sem tengjast hlutverki tiltekins svæðis og í þágu uppbyggingar á aðstöðu t.d. í tengslum við Eldfjallagarð eða í tengslum við aðra ferðamennsku, útivist og umhverfisfræðslu. Bæjarstjórn leggur áherslu á verndun minja til fræðslu, útivistar, afþreyingar og ferðaþjónustu, sérstaklega fyrir íbúa sveitarfélagsins og þá ferðamenn sem um svæðið fara“.

Tafla 28 Hverfisvernd innan Grindavíkur.

NR.	SVÆÐI – LÝSING	LÝSING OG SKILMÁLAR
HV4	Hópsnes	Hverfisvernd er sett á stóran hluta af nesinu í því markmiði að þróa svæðið sem nærsvæði til útivistar fyrir íbúa. Með hverfisverndinni er ekki ætlað að koma í veg fyrir þá nýtingu sem nú er til staðar á nesinu. Þar er t.d. beitarhólf og er reiknað með að svo verði áfram, en náttúrulegum gróðri og ásýnd verði ekki spillt. Markmið er að halda utan um tóftir og minjar um búsetu og útgerð fyrri tíma, m.a. bryggju sem þarfnast viðhalds. Fjöldmörg skipsflök sem kastast hafa langt upp á land bera þarna vitni um ægiskraft og skipsskaða, sem gerð eru skil með skiltum og aðgengilegum upplýsingum. Rannsóknir á búsetumínum, framkvæmdir við endurgerð bryggju í nothæft ástand og við stíga og merkingar vegna umhverfisfræðslu eru leyfilegar á svæðinu. Starfsemi hafnarinnar og stækkun hafnarsvæðis ef þörf krefur, svo og sjóvarnargarðar. Innan svæðisins er mastur vegna fjarskipta um slíka gilda skilmálar skv. kafla 2.2.10. Svæðið er nú þegar vinsælt útivistarsvæði og kalla þarf eftir hugmyndum íbúa um frekari þróun þess til framtíðar.

Í gildi er deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Eyjabakka sem tók gildi 2012. Gera þarf breytingu á deiliskipulaginu í kjölfar aðalskipulagsbreytingarinnar.

Göngu- og reiðhjólástígar

Í stefnu sveitarfélagsins kemur fram að efla skuli vistvæna ferðamáta með góðu neti göngu- og hjólreiðastíga milli íbúðarbyggðar, atvinnusvæða og skóla- og íþróttasvæða. Í töflu 18 í aðalskipulagi er eftirfarandi skýring á göngu- og reiðhjólástígum.

Tafla 18 Skýringar og skilmálar fyrir göngu- og reiðhjólástíga.

HEITI	SKÝRINGAR OG SKILMÁLAR
Göngu- og reiðhjólástígar	Samnýttir stígar fyrir gangandi og hjólandi umferð (ekki vélknúin) utan þéttbýlis. Stígar eru ofanibornir og/eða malbikaðir, liggja m.a. með vegum og að vinsælum áningarstöðum. Hluti af þessu stígakerfi er göngu- og hjólástígur meðfram Grindavíkurvegi og Nesvegi sem og strandstígur.

Golfvöllurinn í Grindavík

Stækkun svæðisins fer yfir óbyggt svæði. Landsvæði Grindavíkur utan þéttbýlis er að miklum hluta skilgreint sem óbyggt svæði. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð á óbyggðum svæðum, utan þess að göngu- og hjólastígar, reiðstígar og útivistarstígar eru skipulagðir og eftir atvikum stakar framkvæmdir.

Í kafla 2.2.6 Íþróttasvæði (ÍÞ) er umfjöllun um golfvöllinn og skilmálar skv. eftirfarandi töflu.

Svæðið sem stækkun íþróttasvæðisins nær yfir er undir hverfisvernd, sjá töflu 28.

Í kafla 2.2.6 Íþróttasvæði (ÍÞ) er umfjöllun um golfvöllinn og skilmálar. Gert er ráð fyrir breytingu á töflu 9, sbr. kafla 3.3.

TAFLA 28 Hverfisvernd innan Grindavíkur.

NR.	SVÆÐI – LÝSING	LÝSING OG SKILMÁLAR
HV13	Húsatóftir	Á svæðinu eru fornleifar mjög þéttar. Á svæðinu skulu fornminjar nýttar til þess að undirstrika sérkenni svæðisins og sem grundvöllur til að byggja sérkenni deiliskipulags á. Þegar framkvæmdir eiga sér stað á svæðinu ber að kalla til fornleifafræðing sem fylgjast skal með framkvæmdum. Skilmálar eru einnig um svæðið í kafla 2.2.6.

Ekki verður gerð breyting á hverfisverndarsvæði. Hverfisverndarsvæðið er mjög rúmt afmarkað og því ekki talin hætta á raski á fornminjum en hlíta skal leiðbeiningum Minjastofnunar við framkvæmd.

Ekki er gert ráð fyrir neinu efnislosunarsvæði innan sveitarfélagsins.

Breyting aðalskipulagsins er varðar hreinsvirkið og stígana eru í samræmi við stefnu aðalskipulagsins. Breyting golfvallarins kallar á nánar rannsóknir á fornminjum svo þeim verði ekki raskað.

2.4.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag á svæðinu fyrir Ásabraut 10 og 12, frá árinu 2003. Mögulega kallar aðalskipulagsbreytingin á minniháttar breytingu á deiliskipulagi.

Þá er í gildi deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði/hafnarsvæði við Eyjabakka, sem er í endurskoðunarferli.

2.4.4 Minjar

Hópsnes er skilgreint sem óbyggt svæði í gildandi skipulagi. Nýtur það hverfisverndar auk þess sem Hópsnes fellur, a.m.k. að hluta til, undir sérstaka vernd náttúruyfyrirbæra vegna forsögulegs hrauns sem þar er, og nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hópsneshraunið er víða sjáanlegt þó það sé allmikið gróið.

Þekktar fornminjar eru á Hópsnesi og er unnið að skráningu á þeirra. Engar minjar eru sýndar í aðalskipulagi né á vefsíðu Minjastofnunar (16.08.2021).

Svæðið Húsatóftir þar sem stækkun golfvallarins nær yfir er undir hverfisvernd og þar eru fornminjar mjög þéttar.

Taka ber tillit til fornminja þegar framkvæmdarleyfi verður veitt. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma skal þegar hafa sambandi við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á uppdráttum bæði þéttbýlis- og dreifbýlisuppdrætt og á greinargerð aðalskipulags

3.1 Hreinsivirki og frárennislögn

Þéttbýlisuppdráttur

Sett er inn frárennislögn frá lóð hreinsivirkis og út í sjó, alls tæplega 1.400 m. Gatnakerfi hafnarsvæðisins er aðlagð m.t.t. deiliskipulags auk þess sem ták hreinsivirkis er fært.

Greinargerð

Í kafla 2.3.2 Hafnir (H) er tafla 19;

TAFLA 19 Yfirlit yfir hafnarsvæði í Grindavík.

NR.	HEITI	STÆRD	LÝSING	SKILMÁLAR
H2	Eyjabakkar	Um 29 ha	Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði í umsjá hafnarstjórnar	Uppbygging hafin á svæðinu. Hluti svæðisins er deiliskipulagður. Uppbygging og skilmálar fyrir syðsta hluta Eyjabakka skal ákveða í deiliskipulagi en jafnframt skal gæta samræmis við þegar deiliskipulagða svæðið.

Breyting er gerð í kafla 2.3.2 á töflu 19:

TAFLA 19 Yfirlit yfir hafnarsvæði í Grindavík.

NR.	HEITI	STÆRD	LÝSING	SKILMÁLAR
H2	Eyjabakkar	Um 29 ha	Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði í umsjá hafnarstjórnar. Hreinsistöð í umsjá sveitarfélagsins.	Uppbygging hafin á svæðinu. Hluti svæðisins er deiliskipulagður. Uppbygging og skilmálar fyrir syðsta hluta Eyjabakka skal ákveða í deiliskipulagi en jafnframt skal gæta samræmis við þegar skipulagt svæði. Hreinsistöð fráveitu með útrás/affall út í sjó út af Hópsnesi. Heimilt er að byggja allt að 400 m ² hús með allt að 9 m mænishæð. Um er að ræða eins þrepa hreinsistöð með möguleika á aukinni hreinsun ef þörf krefur. Krafa er um að hreinsun miðist við nær lykjarlausa starfsemi. Hönnun hreinsistöðvarinnar skal miðast við að hún geti tekið við öllu skólpi frá Grindavík.

Í kafla 2.3.3 Veitur (VH), í undirkaflanum „Fráveita“ er texta breytt.

Felldur er út texti:

Staða fráveitumálanna í Grindavík í dag er þannig að skólpi fer óhreinsað með öllu út í viðtaka í þemur útrásum. Ástand viðtakans hefur ekki verið rannsakað sérstaklega en gera má ráð fyrir því að það sé gott utan sjóvarnargarðanna vegna mjög mikilla vatnsskipta þar. Stefna sveitarfélagsins er að koma á skólphreinsun sem uppfyllir kröfur reglugerðar um fráveitur og skólpi á næstu árum. Unnið er að hönnun á dælustöðvum, sniðræsum og hreinsistöð og verður framkvæmdum áfangsskipt þannig að fyrst verður losun innan hafnarinnar afnumin og hreinsistöð byggð og síðan öll byggðin tengd

hreinsistöð í áföngum. Um miklar fjárfestingar er að ræða sem dreifa þarf á nokkur næstu ár. Vinna stendur yfir við gerð straumfræðilíkans af viðtakanum til að meta hvar ný útrás ætti að vera staðsett miðað við sem besta þynningu og að hún uppfylli kröfur um gerlamagn við ströndina.

Nýr texti greinargerðar:

Gert er ráð fyrir nýrri frárennislögn frá nýju hreinsivirki við Eyjabakka til suðurs um Hópsnes og þar út í sjó. Lögnin verður um 1.350 m löng. Fyrsti kílómetrin verður lagður á um 1,2 m dýpi í veg á vestanverðu Hópsnesi og mun fylgja núverandi vegi en síðustu 350 m verða boraðir í gegnum berg og út í Jarðgerðarstaðavík á um 10 m dýpi og í um 300 m fjarlægð frá ströndinni. Yfirfallsútrás mun verða skammt utan við höfnina. Öllu jarðvegraski skal halda í lágmarki eins og kostur er.

3.2 Göngu- og reiðhjólástígar

Breyting er gerð á þéttbýlisuppdrætti fyrir Grindavík en ekki er gerð breyting á greinargerð. Fjallað er um stíga í kafla 2.3.1. og um töflu 18. Sá kafli verður óbreyttur.

Á uppdrætti er sýndur göngu- og reiðhjólástígur, sem liggur meðfram Nesvegi úr vestri, framlengdur samhliða veginum að Grindavíkurvegi. Frá íbúðarsvæðunum þar austan við er bætt við við tveimur stígatengingum frá íbúðarsvæðum, frá Efstahrauni/Baðsvöllum (ÍB2) og Ásabraut/Staðarvör (ÍB3). Stígarnir ná að Nesvegi, verða vel breiðir og byggðir upp með það í huga að þeir geti nýst sem akfærar flóttaleiðir ef til rýmingar kemur í Grindavík vegna náttúruhamfara eða í öðrum neyðartilvikum. Stígarnir verða almennt lokaðir fyrir akandi umferð með hindrunum t.d. slám eða öðrum útbúnaði.

3.3 Golfvöllurinn í Grindavík

Breyting er gerð á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð.

Uppdráttur utan þéttbýlis

Svæði ÍB2 stækkar um 1 ha til austurs.

Greinargerð

Í gildandi skipulagi segir í kafla 2.2.6 í töflu 9

TAFLA 9 Íþróttasvæði í Grindavík.

NR.	HEITI	STÆRÐ	SKILMÁLAR
ÍB2	Golfvöllur Grindavíkur við Húsatóftir	52 ha	Staðsetning við Húsatóftir í um 3,5 km frá þéttbýli Grindavíkurbæjar. Golfvöllurinn er 18 holu völlur. Þar sem völlurinn er beggja megin þjóðvegur er reiknað með undirgöngum undir veginn, bæði fyrir göngu-, hjóla- og reiðstíg.

Breyting er gerð í kafla 2.2.6 á töflu 9.

TAFLA 9 Íþróttasvæði í Grindavík.

NR.	HEITI	STÆRÐ	SKILMÁLAR
ÍB2	Golfvöllur Grindavíkur við Húsatóftir	53 ha	Staðsetning við Húsatóftir í um 3,5 km frá þéttbýli Grindavíkurbæjar. Golfvöllurinn er 18 holu völlur. Þar sem völlurinn er beggja megin þjóðvegur er reiknað með undirgöngum undir veginn, bæði fyrir göngu-, hjóla- og

NR.	HEITI	STÆRÐ	SKILMÁLAR
			reiðstíg. Vegna minja við Húsatóftir skal leita umsagnar Minjastofnunar áður en framkvæmdarleyfi er gefið út.

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytinganna eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Mati á líklegum umhverfisáhrifum er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samiburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

TAFLA 1. Vægi áhrifa

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Skilgreining	Skýring
Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfisþáttar/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

4.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Í umhverfismatinu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu 3. Í umhverfismati fyrir breytinguna verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnuskjala Grindavíkurbæjar ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 2. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Ásýnd og landslag	Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæða? Mun breytingin hafa sjónræn áhrif? Mun breytingin hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?
Samfélag	Mun breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?
Heilsa og öryggi	Hefur stefnan áhrif á vatns- eða loftgæði?
Landnotkun	Rýrir stefnan nýtingarmöguleika og gildi svæðisins?

4.3 Valkostir og samanburður

4.3.1 Hreinsivirkis og frárennislagnir

Framkvæmdin sem aðalskipulagsbreytingin heimilar er tilkynningaskild til Skipulagsstofnunar þar sem hún er tilgreinda í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í lið 11.05 segir:

„Skólphreinsivirki frá íbúðarbyggð eða atvinnustarfsemi, þ.m.t. stöðvum með þaulnýttum landbúnaði með afkastagetu a.m.k. 2.000 persónueiningar utan þess sem tilgreint er í tölul. 11.04. Sams konar framkvæmdir á verndarsvæðum þar sem losað er í viðkvæman viðtaka ef afkastageta nemur a.m.k. 100 persónueiningum.“

Fyrirspurn um matskyldu hreinsistöðvarinnar var send Skipulagsstofnun þann 30. nóvember 2020 og ákvarðaði Skipulagsstofnun þann 29. apríl 2021 að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind voru í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

Núll kostur – Ekki verður gert ráð fyrir hreinsivirki.

Breytt skipulag – Gert er ráð fyrir hreinsivirki á hafnarsvæði og frárennislögn út í sjó.

TAFLA 3. Samanburður valkosta.

VALKOSTIR	NÚLL – GILDANDI SKIPULAG	BREYTT SKIPULAG
ÁSÝND OG LANDSLAG	Óveruleg áhrif – ekkert rask eða mannvirki.	Óveruleg áhrif - Hreinsivirkið verður í jaðri þegar byggðs svæðis og ráðgert er að byggja meira í kring. Hreinsistöðin mun því falla að öðrum mannvirkjum á svæðinu. Frárennislögnin verður lögð með núverandi vegi að mestu leiti og því ekki verið að raska óröskuðu landi. Borað verður undir kletta til að halda raski í lágmarki. Sjónræn áhrif og áhrif á landslag eru því metin óveruleg.
SAMFÉLAG	Óveruleg áhrif – engin störf skapast.	Óveruleg áhrif – atvinna skapast tímabundið við uppbyggingu hreinsistöðvarinnar en þegar hún verður komin í rekstur eru ekki mörg stöðugildi sem eru varanleg.
MENNINGARMINJAR	Óveruleg áhrif - Engar framkvæmdir	Óviss áhrif - Verið er að skrá menningarminjar og er mögulegt að frárennislögn hafi áhrif á þær.
HEILSA OG ÖRYGGI	Neikvæð áhrif – með því að dæla óhreinsuðu skólpi í sjóinn skapast hættu á mengun hafs og strandar og geta bakteríur dreifst í vatnsból með fuglum.	Jákvæð áhrif – Reiknaðar vindrósir sýna að suðaustan áttir eru algengar en lyktarmengun verður í lágmarki þar sem síur í lofthreinsikerfi stöðvarinnar hreinsa loftið áður en það fer út í umhverfið. Hreinni sjór og strendur dregur úr hættu á mengun og óþrifum á útivistarsvæðum og í vatnsbólum.
LANDNOTKUN	Óveruleg áhrif – svæðið er skilgreint hafnarsvæði þar sem uppbygging verður næstu ár.	Óveruleg áhrif – svæðið er skilgreint hafnarsvæði þar sem uppbygging verður næstu ár. Frárennislögnin verður niðurgrafin og mun ekki hafa áhrif á útivistargildi svæðisins.

NIÐURSTAÐA

Með tilkomu hreinsivirkis mun sveitarfélagið uppfylla þær kröfur sem farið er framá um hreinsun skólps. Staðsetning þess í jaðri bæjarins er hentug og með útrásarlögn er hægt að dæla skólpinu í viðtakann þar sem þynning verður hröð. Helst er hætta á lyktarmengun frá stöðinni en með mótvægisáðgerðum í formi lofthreinsikerfis verður um óveruleg áhrif að ræða.

Sveitarfélagið telur að áhrif af efnstökkunni verði jákvæð en við framkvæmd frárennslislagnar skal huga að minjum og raska þeim ekki nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

4.3.2 Göngu- og reiðhjólástígar

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

Núll kostur – Ekki verður gerð breyting á göngu- og reiðhjólástígum.

Breytt skipulag – Gert er ráð fyrir nýjum göngu- og reiðhjólástígum sem einnig nýtast sem flóttaleiðir.

TAFLA 4. Samanburður valkosta

VALKOSTIR	NÚLL – GILDANDI SKIPULAG	BREYTT SKIPULAG
MENNINGARMINJAR	Óveruleg áhrif - Engar framkvæmdir	Óviss áhrif – Svæðið þarf að skoða með tilliti til minja og skrá þær svo taka megi tillit til fornleifa við frekara skipulag á svæðinu og áður en til framkvæmda tekur. Áhrif á minjar eru því óþekktar.
HEILSA OG ÖRYGGI	Neikvæð áhrif – flóttaleiðir frá Grindavík eru takmarkaðar.	Jákvæð áhrif – Með breytingunni eru auknir útivistarmöguleikar og möguleikar á umhverfisvænum samgöngum en um leið er verið að tryggja enn betur flóttaleiðir frá Grindavík ef til rýmingar kemur vegna náttúruhamfara eða af öðrum orsökum. Breytingin mun því hafa jákvæð áhrif á samfélagið í Grindavík þar sem íbúar geta notað svæðið sér til heilsubótar og ekki síst aukið öryggistilfinningu með því að vera meðvitaðir um að geta komist greiðlega frá svæðinu ef slíkar aðstæður koma upp. Í hættuástandi geta slíkar flóttaleiðir skipt sköpum þegar rýma þarf svæðið á stuttum tíma. Umhverfisvænir samgöngumátar draga úr útblæstri og hávaðamengun og eykur þar með loftgæði á svæðinu.
LANDNOTKUN	Óveruleg áhrif – engin breyting verður á landnotkun svæðisins.	Óveruleg áhrif – svæðið er milli íbúðabyggðar og þjóðveggar og nýtist lítið sem útivistarsvæði eða til annarra nota.

NIÐURSTAÐA

Með gerð göngu- og reiðhjólástíga er verið að auka öryggi íbúa Grindavíkur þar sem stígarnir verða hannaðir með það fyrir augum að nýtast sem flóttaleiðir ef til rýmingar kemur. Sveitarfélagið telur

nauðsynlegt að tryggja öryggi íbúa sem best í kjölfar þeirra eldsumbrota sem hafin eru á Reykjanesskaga. Stígarnir verða einnig viðbót við útivistarmöguleika sveitarfélagsins og gefur fleiri tækifæri í vistvænum samgöngum.

4.3.3 Golfvöllur

Framkvæmdin sem aðalskipulagsbreytingin heimilar er tilkynningaskild til Skipulagsstofnunar þar sem hún er tilgreinda í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

Núll kostur – Ekki verður gert ráð fyrir stækkun golfvallar.

Breytt skipulag – Gert er ráð fyrir stækkun golfvallar.

TAFLA 5. Samanburður valkosta.

VALKOSTIR	NÚLL – GILDANDI SKIPULAG	BREYTT SKIPULAG
ÁSÝND OG LANDSLAG	Óveruleg áhrif – ekkert rask á núverandi hrauni og gróðri.	Óveruleg áhrif – efni verður flutt á staðinn og ýtt út. Núverand hraun og vistgerðir á svæðinu minnka að hluta. Þar sem svæðið er ekki stórt og í jaðri annar raskaðs svæðis er ekki verið að rjúfa heild á ósnortnu hrauni. Stækkun golfvallar mun ekki hafa áhrif á lífríki í næsta nágrenni sem nýtur verndar. Því eru áhrifin metin óveruleg.
SAMFÉLAG	Óveruleg áhrif – engin störf skapast.	Óveruleg áhrif – atvinna skapast tímabundið við uppbyggingu stækkunnar sem mögulega eykur stækkunin stöðugildi golfvallarins síðar.
MENNINGARMINJAR	Óveruleg áhrif – ekkert rask á minjum.	Óviss áhrif – mikið af fornminjum eru skráðar á Húsatóftum.
HEILSA OG ÖRYGGI	Óveruleg áhrif - Engar framkvæmdir Óveruleg áhrif - Engar framkvæmdir.	Jákvæð áhrif – Byggir upp öflugri starfsemi golfvallarins. Aukin þátttaka fólks í íþróttastarfi eykur lýsheilsu fólks.
LANDNOTKUN	Óveruleg áhrif – Engar framkvæmdir.	Jákvæð áhrif - Við landmótun golfvallarins verður notað efni sem fellur til við gatnagerð innan þéttbýlisins sem annars myndi ekki nýtast og þyrfti að haugsetja annarsstaðar, samtals áætlað um 20.000 m ³ .

NIÐURSTAÐA

Sveitarfélagið vill efla íþróttastarfsemi í sveitarfélaginu og uppbyggingu íþróttamannvirkja. Efni sem fellur til við gatnagerð er komið í notkun og þarf að flytja efnið stutta vegalengd.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNIR

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Skipulagslýsing var annars vegar fyrir stækkun golfvallar, sem kynnt sumarið 2021 og bárust umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands. Ekki barst umsögn frá Minjastofnun eða frá nágrannasveitafélögum.

Áður hafði verið kynnt skipulagslýsing vegna hreinsivirkis og breyttu stígakerfi sem kynnt var ásamt breytingu við Fagradalsfjall og sæstreng í Hraunsvík. Þar bárust umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Slökkviliði Grindavíkur, Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Sveitarfélaginu Ölfus, Hafnarfjarðarbæ, Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti.

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar hefur verið tekið tillit til umsagna eftir því sem við á.

5.1 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Að fenginni heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar verður breytingin send eftirtöldum aðilum til umsagnar á auglýsingatíma tillögunnar:

- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlitið
- Aðliggjandi sveitarfélög

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

5.2 Skipulagsferli

Breytingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst í nóv./des. 2021 og taki gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda fyrri hluta árs 2022.